

Stjórnarfundur LH 24. febrúar 2007

4. fundur. Haldinn á Eiðum í tengslum við Ístölt á Austurlandi.

Aðalstjórn var boðuð til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigfús Helgason og Sigurður Ævarsson. Einnig mætti Sólveig Ásgeirsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið fyrir fundargerð 1. fundar og hún samþykkt með smávægilegum leiðréttingum. Varðandi stöðu knapamerkjakerfisins að þá var ákveðið að senda bréf og krefjast þess að fá aðgang að gögnum á tölvutæku formi.

Vilhjálmur fór yfir þau atriði sem upp hafa komið í sambandi við Glitnis samninginn.

Oddur fór yfir Hestatorgið og hvað þar hefur gerst síðan á síðasta fundi. LH mun halda áfram að athuga með hvaða hætti aðkoma þess gæti orðið.

Haraldur, Vilhjálmur og Maríanna athuga með ráðningu á starfsmanni til að leysa af Sólveigu sem fer í barneignarfrí í lok apríl.

2. Ráðstefna FEIF í Glasgow

Haraldur fór lauslega yfir það sem hæst bar á ráðstefnu FEIF í Glasgow, sjá greinargerð síðar.

Vilhjálmur fór yfir það sem gerðist á fundi með Marko Mazeland varðandi áminningar og meðferð þeirra. Ljúka þarf greinargerð um málið fyrir 1. apríl. Einnig þarf að tilnefna 2 dómara heimsmeistaramótið fyrir þann tíma.

3. Nefndir LH

Haraldur hefur umboð til að klára málefni mannvirkjanefndar.

Farið var nákvæmlega yfir reglugerð landsliðsnefndar og nokkrar breytingar gerðar.

Haraldur, Vilhjálmur og Maríanna fari yfir ráðningu liðstjóra og gangi endanlega frá málinu.

4. Styrkumsókn frá Æskan og hesturinn

Vilhjálmi og Maríönnu falið að ganga frá samstarfi við Æskan og hesturinn.

5. Önnur mál.

a. **Móttakið bréf frá formani úthlutunarnefndar þróunarsjóðs** og upplýsingar um styrkupp hæð frá nefndinni til LH. LH skrifi bréf til nefndarinnar og þakki fyrir veittan stuðning.

b. **Fundur með fjármálaráðherra Árna Mathiesen.** Haraldur og Vilhjálmur segja frá góðum fundi með fjármálaráðherra en það er ljóst eftir fundinn að nauðsynlegt er að LH vinni betur að sínum kynningarmálum og fyrir hvað samtökin standa.

c. **Reiðhallarstyrkir.** Mikil umræða meðal stjórnarmanna um þann misskilning sem virðist vera uppi um þessa styrki, þ.e. stjórn LH hefur enga aðild átt að málinu. Vilhjálmi og Haraldur falið að semja bréf til hestamannafélaganna varðandi málið.

d. **Stjórn Landsmóts hestamanna ehf.** Haraldur og Vilhjálmur hafa verið í sambandi við Lárus Dag Pálsson um að taka að sér formennsku í stjórn LM ehf. Lárus er að hugsa málið.

e. **85. ára afmæli Fáks.** Sigfús fór sem fulltrúi stjórnar LH í 85 ára afmæli Fáks á Hótel sögu 17. febrúar og átti þar góða stund.

f. **Gnýfari í Ólafsfirði.** Sigfúsi falið að halda áfram að fylgjast með málum þar. Haraldur fundaði með Stefáni Konráðssyni út af ofanflóðasjóði og afgreiðslu sjóðsins vegna þeirra.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*